



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Skýrsla Samgöngunefndar SASS 2010

Ágúst 2010

Efnisyfirlit:

I.	Inngangur.....	bls. 3
II.	Störf nefndarinnar.....	bls. 4
III.	Suðurlandsvegur á milli Selfoss og Reykjavíkur.....	bls. 4
IV.	Umsögn um samgönguáætlun	bls. 6
V.	Staða samgönguframkvæmda.....	bls. 8
VI.	Tillögur nefndarinnar.....	bls. 9
VII.	Lokaorð.....	bls. 12
VIII.	Fylgiskjöl.....	bls. 13
	• Ályktanir ársþings SASS 2009	
	• Kort	

I. Inngangur


Hér er lögð fram áttunda skýrsla samgöngunefndar SASS. Upphaf nefndarinnar má rekja til aukafundar SASS árið 2002 í kjölfar umræðu um að taka þyrfti upp ný vinnubrögð af hálfu sveitarfélaganna um stefnumótun í samgöngumálum til að hafa raunveruleg áhrif á ákvarðanir löggjafar- og framkvæmdavalds um framkvæmdir í samgöngumálum. Óhætt er að fullyrða að þessi ákvörðun hafi skilað verulegum árangri hvað varðar öll helstu baráttumálin. Mikilvægt er fyrir sveitarfélögin að standa þétt saman við erfiða efnahagsaðstæður og móta stefnu um skynsamlega forgangsöröðun framkvæmda. Einnig verða sveitarfélögin að þrýsta á um að þær ákvarðanir um samgönguframkvæmdir á Suðurlandi haldi sem teknar hafa verið af Alþingi. Það er tvímælalaust mikilvægt nú að treysta innviði samfélagsins til að hægt verði að komast upp úr þeim öldudal sem við erum í. Betri samgöngur er ein af mikilvægustu stöðunum í uppbyggingu þjóðfélagsins til framtíðar.

II. Skipan og störf nefndarinnar

Í samgöngunefndina voru kosnir á síðasta aðalfundi eftirtaldir sveitarstjórnarmenn: Björn Ingi Jónsson Sveitarfélaginu Hornafirði formaður, Páll Stefánsson Sveitarfélaginu Ölfusi, Snæbjörn Sigurðsson Bláskógabyggð, Eyþór Arnalds Sveitarfélaginu Árborg og Elvar Eyvindsson Rangárþingi eystra. Nefndin hefur haldið 3 fundi á starfsárinu og starfaði Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS með nefndinni.

III. Suðurlandsvegur á milli Selfoss og Reykjavíkur

Umferð um Suðurlandsveg jókst á síðasta ári á 3 talningarstöðum af 4 en hafði dregist saman árið 2008 eftir stöðuga aukningu frá árinu 1990. Umferðartalning fer fram á 4 stöðum; við Ingólfsfjall, á Hellisheiði, á Sandskeiði og við Geitháls. Meðalumferð við Ingólfsfjall var 7.210 bílar á sólarhring, hafði aukist um 282 bíla á dag frá árinu áður eða um 4,1%. Á Hellisheiðinni var meðalumferðin 6.714 bílar að meðaltali og hafði aukist um 252 bíla eða um 3,9%. Á Sandskeiði fóru um að meðaltali 8.400 bílar á sólarhring og hafði fjölgað um 295 frá árinu 2008 eða um 3,6%. Við Geitháls var meðalumferðin 9.304 bílar og hafði minnkað um 601 bíl eða um 6,1%.



Á sl. ári varð ekkert banaslys á veginum í fyrsta sinn í langan tíma. Alvarlegum slysum fjölgaði hins vegar en önnur óhöpp voru álíka mörg og árið áður en þá hafði þeim hins vegar fækkað verulega frá árinu áður. Þrátt fyrir þessa þróun er ljóst að Suðurlandsvegur að Suðurlandsvegurinn er enn mjög hættulegur og brýnna úrbóta þörf.

Slysatölur á leiðinni Selfoss – Reykjavík 2002 – 2009

	Banaslys	Alvarleg slys	Minnih. slys	Óhöpp	Samtals
2002	2	7	22	71	102
2003	1	4	30	80	115
2004	1	6	22	97	126
2005	1	4	23	102	130
2006	1	3	24	108	136
2007	4	2	32	117	155
2008	2	2	24	78	106
2009	0	5	25	83	113
Samtals	12	33	202	736	983

Framkvæmdir við veginn

Fyrsti hluti tvöldunar vegarins, nánar tiltekið kaflinn frá Litlu kaffistofu niður að Lögbergsbrekku, hefur verið boðinn út og nú er unnið að samningi við verktakann um framkvæmdina. Líkur eru á að framkvæmdir hefjist innan örfárra vikna. Þá standa yfir viðræður við lífeyrissjóðina um fjármögnun verksins í heild og eru taldar miklar líkur á að samningar takist. Áætlað að vegurinn verði tvöfaldur með aðskildum akstursreinum að undanskildum kaflanum frá Kambabrún að Litlu-kaffistofunni sem verður svokallaður 2+1 vegur. Jaframt liggur fyrir mat á kostnaði við framkvæmdina. Samkvæmt því mati er áætlað að kostnaður verði um 16 milljarðar króna og er þá bygging brúar yfir Ölfusá norðan við Selfoss inni í þeirri tölu. Enn er óafgreitt aðalskipulag í Ölfusi vegna ágreinings um Bitruvirkjun. Þar sem ólíklegt er að sá ágreiningur leysist í bráð er nauðsynlegt að gera breytingar á aðalskipulagi sem snúa eingöngu að veginum. Ekki er hægt að hefja endanlega hönnun vegarins fyrr en aðalskipulaginu hefur verið breytt. Að öðrum kosti munu því nauðsynlegar framkvæmdir á leiðinni á milli Selfoss og Hveragerðis dragast. Það er óásættanlegt ekki síst vegna þess að þessi kafla leiðarins er tvímælalaust einn hættulegasti vegarkafla í landinu.



Fyrirhugað fyrirkomulag við breikkun vegarins. (Kort frá Vegagerðinni)

IV. Umsögn um samgönguáætlun 2009 -2012

Stjórn SASS fól Samgöngunefnd SASS að móta tillögu að umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009 – 2012 sem stjórn SASS gerði að sinni á fundi stuttu síðar með örlitlum breytingum:

„Suðurlandsvegur á milli Selfoss og Reykjavíkur

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja mikla áherslu á að Suðurlandsvegur á milli Selfoss og Reykjavíkur verði tvöfaldaður og til þess liggja fjölmörg rök. Í fyrsta lagi er mjög mikil og vaxandi umferð um veginn. Í öðru lagi er há slysátíðni á veginum og í þriðja lagi liggur fyrir

að arðsemi tvöföldunar er mjög mikil.. Einnig er ljóst að almenningur telur þessa framkvæmd langbrýnasta úrlausnarefnið í samgöngumálum þjóðarinnar, sbr. skoðanakönnun Gallup á síðasta ári en niðurstaða hennar var sú að 55% þeirra sem tóku afstöðu töldu tvöföldun Suðurlandsvegar mikilvægasta verkefnið í samgöngumálum þjóðarinnar.

Fjármögnun framkvæmda

Vegna tillagna sem fram koma í þingsályktunartillögunni um veggjöld í tengslum við tvöföldun Suðurlandsvegar gera Samtök sunnlenskra sveitarfélaga eftirfarandi athugasemdir.

Sanngjarnara og ódýrara væri að leggja á sérstakt eldsneytisgjald til að fjármagna þessar framkvæmdir sem og aðrar brýnar samgönguframkvæmdir annars staðar á landinu. Með þeim hætti eru bein tengsl á milli notkunar og gjalda auk þess sem allir vegfarendur greiða hvort sem farið er um fáfarna eða fjölfarna vegi. Þá er augljóst að nokkur kostnaður verður vegna innheimtu veggjalda sem hægt væri að komast hjá með álagningu sérstaks eldsneytisgjalds.

Ef hins vegar veggjöld verða tekin upp þá er mikilvægt að tillit verði tekið til eftirfarandi atriða:

- Að jafnræðis verði gætt á milli landsmanna og komið verði á heildstæðu kerfi sem nýst geti við stærri framkvæmdir í vegagerð.
- Að eldsneytisgjöld verði lækkuð að sama skapi.
- Að tekið verði við ákvörðun veggjalds tillit til þess sparnaðar sem ávinnst vegna framkvæmda. Áætlað hefur verið að með tvöföldun Suðurlandsvegar geti sparast allt að 500 milljónir króna árlega, þar af sparnaður tryggingafélaga um 300 milljónir króna og ríkisins um 200 milljónir króna vegna ýmiss kostnaðar sem af umferðarslysum hlýst.

Umbætur í samgöngumálum í A-Skaftafellssýslu

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga benda á að í áætluninni er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við brú yfir Hornafjarðarfljót sem er brýnt hagsmunamál. Þá vekja Samtök sunnlenskra sveitarfélaga sérstaka athygli á að enn er fjöldi einbreiðra brúa í vegakerfinu á suðursvæðinu. Það sem stingur mest í augun er að um 20 einbreiðar brýr eru á þjóðvegi 1 í Skaftafellssýslum, flestar í A-Skaftafellssýslu. Á meðan þær eru við lýði er öryggi vegfaranda ógnað og sú ógn fer vaxandi með síaukinni og þyngri umferð. Í því sambandi benda samtökin á að akstur stórra flutningabíla hefur stóraukist á undanförunum árum eftir að sjóflutningar

lögðust af. Gríðarlega mikilvægt er að gert verði stóráttak í að byggja nýjar brýr á þessari leið og því átaki verði lokið innan 5 ára.”

V. Staða samgönguframkvæmda

Á þessu ári hafa miklar framkvæmdir verið í gangi á suðursvæðinu auk hefðbundins viðhalds og viðgerða, sbr. meðfylgjandi mynd. Einnig fer hér á eftir yfirlit um stöðu framkvæmda.



(Kort frá Vegagerðinni)

Helstu verkefni sem unnið er að:

Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð.

Framkvæmdum lauk í sumar og höfnin tekin formlega í notkun.

Suðurstrandarvegur

Framkvæmdir hófust árið 2008 og eru verklök áætluð 2011. Eftir á að bjóða út 18 km kafla til að ljúka framkvæmdinni

Bræðratunguvegur og brú yfir Hvíta

Verkið hófst 2009 og er áætlað að verkinu ljúki um mitt ár 2011.

Lyngdalsheiðarvegur

Framkvæmdum er að ljúka

V. Tillögur nefndarinnar

Haldið verði áfram uppbyggingu vegakerfisins á Suðurlandi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi, 13. og 14. september 2010, leggur áherslu á að áfram verði haldið uppbyggingu og samgönguúrbótum á Suðurlandi. Framkvæmdir við fyrsta áfanga tvöföldunar Suðurlandsvegar hefjast innan nokkurra vikna og vænlega horfir um viðræður við lífeyrissjóðina um fjármögnun þeirra á veginum í heild ásamt brú yfir Ölfusá við Selfoss. Áform um að nýta brúarmannvirki yfir Ölfusá sem jöfnunarmannvirki vegna raforkuvirkjunar eru framsæknar og ættu að styrkja þjóðhagslegan ávinning af verkefninu enn frekar. Framkvæmdum er lokið við Landeyjahöfn og hún tekin í notkun. Framkvæmdir við brú yfir Hvítá og veg á milli Flúða og Reykhólts eru langt komnar sama gildir um Lyngdalsheiðarveg á milli Laugarvatns og Þingvalla og Suðurstrandarveg á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur. Nauðsynlegt er fyrir framtíðaruppbyggingu samfélagsins að innviðir þess verði styrktir og þar eru samgöngur ein af grunnstöðunum. Mikilvægt er einnig að sporna gegn samdrætti og atvinnuleysi með verklegum framkvæmdum hins opinbera. Árþingið vekur sérstaka áherslu á nauðsyn úrbóta í samgöngumálum í Sveitarfélaginu Hornafirði og bendir á að engar stærri vegaframkvæmdir eru þar í gangi þrátt fyrir mikinn fjölda einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 og brýna þörf fyrir nýtt vegstæði og brú yfir Hornafjarðarfljót.

Fjármögnun Suðurlandsvegar

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga fagnar því að framkvæmdir eru að hefjast við tvöföldun Suðurlandsvegar innan nokkurra vikna og leggur mikla áherslu á að Suðurlandsvegur á milli Selfoss og Reykjavíkur verði tvöfaldaður allur og viðræðum við lífeyrissjóðina verði lokið sem fyrst um fjármögnun framkvæmdarinnar. Til þess liggja fjölmörg rök. Í fyrsta lagi er mjög mikil og vaxandi umferð um veginn. Í öðru lagi er há slysatiðni á veginum og í þriðja lagi liggur fyrir að arðsemi tvöföldunar er mjög mikil. Einnig er ljóst skv. könnunum að almenningur telur þessa framkvæmd langbrýnasta úrlausnarefnið í samgöngumálum þjóðarinnar.

Vegna tillagna sem fram hafa komið um veggjöld í tengslum við tvöföldun Suðurlandsvegar leggur árþing SASS áherslu á að sanngjarnara og ódýrara væri að leggja á sérstakt eldsneytisgjald til að fjármagna þessar framkvæmdir sem og aðrar brýnar samgönguframkvæmdir annars staðar á landinu. Með þeim hætti eru bein tengsl á milli notkunar og gjalda auk þess sem allir vegfarendur greiða hvort sem farið er um fáfarna eða fjölfarna vegi. Þá er augljóst að nokkur kostnaður verður vegna innheimtu veggjalda sem hægt væri að komast hjá með

álagningu sérstaks eldsneytisgjalds. Ef hins vegar veggjöld verða tekin upp þá er mikilvægt að tillit verði tekið til eftirfarandi atriða:

- Að jafnræðis verði gætt á milli landsmanna og komið verði á heildstæðu kerfi sem nýst geti við stærri framkvæmdir í vegagerð.
- Að eldsneytisgjöld verði lækkuð að sama skapi þannig að ekki verði um tvísköttun að ræða.
- Að tekið verði við ákvörðun veggjalds tillit til þess sparnaðar sem ávinnst vegna framkvæmda. Áætlað hefur verið að með tvöföldun Suðurlandsvegar geti sparast allt að 500 milljónir króna árlega vegna færri slysa, þar af sparnaður tryggingafélaga um 300 milljónir króna og ríkisins um 200 milljónir króna vegna ýmiss kostnaðar sem af umferðarslysum hlýst.

Tvíbreiðar brýr í stað einbreiðra

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, vekur sérstaka athygli á að enn er fjöldi einbreiðra brúa í vegakerfinu á suðursvæði Vegagerðarinnar. Staðreyndin er að um 20 einbreiðar brýr eru á þjóðvegi 1 í Skaftafellssýslum, flestar í A-Skaftafellssýslu. Á meðan þær eru við lýði er öryggi vegfaranda ógnað. Sú ógn fer vaxandi með aukinni og þyngri umferð stórra flutningabíla og einnig mikilli fjölgun ferðamanna. Í því sambandi er bent á að Jökulsárlón á Breiðamerkursandi er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Því er mikilvægt að gert verði stórátak í tvöföldun brúa.

Nýtt vegstæði fyrir Hornafjörð

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur mikla áherslu á að farið verði að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar þegar ráðist verður í gerð nýs vegstæðis yfir Hornafjörð. Sú leið sem aðalskipulag gerir ráð fyrir styttir vegalengdir innan sveitar um tæpa 5 kílómetra en lengir þó ekki leið þeirra sem leið eiga um þjóðveg 1. Árþingið leggur þunga áherslu á að gert verði ráð fyrir brúnni á nýrri 4 ára samgönguáætlun.

Nýtt vegstæði yfir þornaðan farveg Skeiðarár.

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, bendir á að fylgjast þarf grannt með breytingum á farvegi jökulfljóta á Skeiðarársandi og að hefja þurfi rannsókn á vegstæði yfir farveg Skeiðarár en hún fellur nú í Gígjukvísl og að öllum líkindum til frambúðar.

Áhersla á tengivegi og safnvegi.

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur mjög mikla áherslu á að gerðar verði gagngerðar endurbætur á tengi- og safnvegakerfinu eftir tímasettri framkvæmdaáætlun. Mikil umferðaraukning hefur orðið á þessum vegum og þeir gegna mun stærra hlutverki nú en áður vegna breyttra atvinnuhátta og stóraukins ferðamannastraums. Þá minnir þingið á nauðsyn þess að meðan þessir vegir hafa ekki verið lagðir bundnu slitlagi er mjög brýnt að framlög til viðhalds malarvega og snjómokstur verði aukin.

Ný Vestmannaeyjaferja

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, fagnar tilkomu nýrrar Landeyjahafnar Ekki er vafi á því að um stórkostlegt framfaraskref er að ræða í samgöngum við Vestmannaeyjar. Mikilvægt er að nýta þau nýju tækifæri sem gefast með tilkomu hafnarinnar og jafnframt að hún verði eins öflug samgönguleið og kostur er. Árþingið bendir þó á mikilvægi þess að undirbúningur að smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju hefjist sem fyrst. Ljóst er að frátafir verða meiri á siglingum á meðan núverandi Herjólfur verður í ferðum á milli Vestmannaeyja og nýrrar hafnar. Grundvallaratriði er að möguleikar til stórbættra samgangna við Vestmannaeyjar verði nýttir til fulls. Árþingið leggur áherslu á að ferðatíðni verði nægileg og bendir á, miðað við þá reynslu sem komin er, að nauðsynlegt er að bjóða upp á a.m.k. 4 ferðir á dag. Þá leggur árþingið áherslu á að Þorlákshöfn verði varahöfn ferjunnar og skorar á Vegagerðina að semja við Sveitarfélagið Ölfus um sanngjarnt verð fyrir hafnarstöðuna sem fyrir hendi er.

Jarðgöng undir Reynisfjall

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, vekur athygli á því að vegurinn fyrir Reynisfjall er einn erfiðasti faratálmi á þjóðvegi 1 allt austur á land. Nauðsynlegt er að koma jarðgöngum um Reynisfjalli á samgönguáætlun.

Fjarskiptamál

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, leggur áherslu á að allir landsmenn hafi aðgang að háhraða gagnaflutningskerfi. Þingið leggur áherslu á að fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði verði gert skylt að tryggja fullnægjandi gæði á þeim svæðum þar sem þau bjóða þjónustu sína. Sjái þau sér það ekki fært láti Fjarskiptastofnun fara fram útboð á þessum svæðum.

Almenningssamgöngur

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Selfossi 13. og 14. september 2010, telur mikilvægt að stórefla almenningssamgöngur bæði á Suðurlandi og á milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Efling almenningssamgangna er þjóðhagslega hagkvæm, þær leiða til sparnaðar í rekstri samgöngukerfisins, draga úr mengun og síðast en ekki síst draga úr útgjöldum einstaklinganna. Sveitarfélagið Árborg og Hveragerðisbær kosta nú að mestu leyti rekstur almenningssamgangna milli Selfoss, Hveragerðis og Reykjavíkur í samvinnu við Strætó bs. Verkefnið hefur gefist vel en ljóst er að ríkið sem hefur einna mestra hagsmuna að gæta leggur aðeins fram brot af hinum samfélagslega kostnaði en viðkomandi sveitarfélög bera meginhluta hans. Mikilvægt er að ríkið komi mun öflugar að þessu þjóðþrífamáli í framtíðinni. Þá leggur árþingið áherslu að endurskoðun á almenningssamgöngum sem nú fer fram á á vegum samgönguráðuneytisins verði hraðað og að lögð verði áherslu á betri nýtingu fjármuna sem renna til almenningssamgangna með aukinni samnýtingu ferða.

Stórskipahöfn í Þorlákshöfn.

Verulegar endurbætur voru gerðar á höfninni í Þorlákshöfn fyrir fáeinum árum. Þrátt fyrir framkvæmdirnar er höfnin ekki stórskipahöfn og því ákveðin takmörk sett. Ein af forsendum vaxtar og orkufrekrar starfsemi á svæðinu er að stórskipahöfn sé í nágrenninu og að hafnir á Suðurlandi (þ.m.t. Vestmannaeyjum) taki mið af næstu kynslóð skipa. Fyrir liggur að staðsetning orkufrekrar starfsemi í Þorlákshöfn er einkar hagstæð af ýmsum ástæðum og því æskilegt að þar verði í framtíðinni komið upp stórskipahöfn. Þá er ljóst að verulegt hagræði gæti orðið með slíkri höfn fyrir vöruflutninga og ferjusiglingar á milli Íslands og annarra landa vegna styttri siglingaleiðar. Því er mikilvægt að kannaðir verði allir möguleikar á gerð stórskipahafnar í Þorlákshöfn.

VI. Lokaorð

Samgöngunefnd SASS leggur áherslu á að þrátt fyrir að erfiðir tímar séu í efnahagsmálum þjóðarinnar þá sé ekki ástæða til að láta deigan síga við það að bæta samgöngur á Íslandi og í raun aldrei nauðsynlegra en nú. Nefndin telur því nauðsynlegt að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga haldi áfram að standa vaktina í þeim efnum.

Í ágúst 2010,

Björn Ingi Jónsson
Elvar Eyvindsson

Páll Stefánsson
Eyþór Arnalds

Snæbjörn Sigurðsson

VII. Fylgisköl

Ályktanir ársþings SASS 2009 um samgöngumál

Staðið verði við áform um stórframkvæmdir

Nefndin leggur mikla áherslu á að staðið verði við samgönguáætlun. Á síðasta ári náðist mikilvægur árangur í helstu baráttumálum SASS á sviði samgangna. Það á einkum við um breikkun Suðurlandsveggar á milli Selfoss og Reykjavíkur ásamt brú yfir Ölfusá við Selfoss og byggingu brúar yfir Hornafjarðarfljót. Framkvæmdir eru í gangi við Landeyjahöfn og veg að henni, brú yfir Hvítá og veg á milli Flúða og Reykhólts, Lyngdalsheiðarveg á milli Laugarvatns og Þingvalla og Suðurstrandarveg á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur. Nauðsynlegt er fyrir framtíðaruppbyggingu samfélagsins að innviðir þess verði styrktir og þar eru samgöngur ein af grunnstöðunum. Mikilvægt er einnig að sporna gegn samdrætti og atvinnuleysi með verklegum framkvæmdum hins opinbera.

Fjármögnun Suðurlandsveggar

Samgöngunefnd SASS áréttar nauðsyn tvöföldunar Suðurlandsveggar á milli Selfoss og Reykjavíkur. Við forgangsriðun framkvæmda í vegagerð hlýtur breikkun Suðurlandsveggar að vera í fyrsta sæti. Kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er mjög mikil og vaxandi umferð um Suðurlandsveg. Í öðru lagi er slysatíðni á veginum há og því brýn nauðsyn á úrbótum. Í þriðja lagi liggur fyrir að arðsemi tvöföldunar er mjög mikil, sbr. svar samgönguráðherra við fyrirspurn á Alþingi 11. ágúst sl. Í fjórða og síðasta lagi er ljóst að almenningur telur þessa framkvæmd langbrýnasta úrlausnarefnið í samgöngumálum þjóðarinnar, sbr. nýgerða skoðanakönnun Gallup. Þá liggur fyrir að skipulagsmál standa ekki í vegi fyrir því að hægt sé að hefja verkið og nú þegar er hluti leiðarinnar tilbúinn til útboðs hjá Vegagerðinni. Nefndin telur því afar brýnt að séð verði til þess að breikkun Suðurlandsveggar verði forgangsverkefni og gerir þá kröfu að í þessar lífsnauðsynlegu framkvæmdir verði ráðist sem allra fyst og nýtt verði þau tækifæri sem nú bjóðast til fjármögnunar af hálfu lífeyrissjóðanna.

Áhersla á tengivegi og safnvegi.

Nefndin leggur mjög mikla áherslu á að gerðar verði gagnrýndar endurbætur og uppbygging á tengi- og safnvegakerfinu og unnið verði eftir tímasetttri framkvæmdaáætlun. Mikil umferðaraukning hefur orðið á þessum vegum og þeir gegna mun stærra hlutverki nú en áður vegna breyttra atvinnuhátta og stórauðins ferðamannastraums. Þá minnir nefndin á nauðsyn þess að meðan þessir vegir hafa ekki verið lagðir bundnu slitlagi þá verði framlög til viðhalds malarvega aukin frá því sem nú er. Einnig er nauðsynlegt að endurskoða reglur um snjómokstur á þessum vegum.

Tvíbreiðar brýr í stað einbreiðra

Nefndin vekur sérstaka athygli á að enn er fjöldi einbreiðra brúa í vegakerfinu á suðursvæðinu. Það sem stingur mest í augun er að um 20 einbreiðar brýr eru á þjóðvegi 1 í Skaftafellssýslum, flestar í A-Skaftafellssýslu. Á meðan þær eru við lýði er öryggi vegfaranda ógnað og sú ógn fer vaxandi með síaukinni og þyngri umferð. Í því sambandi bendir nefndin á að akstur stórra flutningabíla hefur stóruð á undanförunum árum eftir að sjóflutningar lögðust af. Gríðarlega mikilvægt er að gert verði stóráttak í að byggja nýjar brýr á þessari leið og því átaki verði lokið innan 5 ára.

Nýtt vegstæði fyrir Hornafjörð

Samgöngunefndin leggur mikla áherslu á að farið verði að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar þegar ráðist verður í gerð nýs vegstæðis yfir Hornafjörð. Sú leið sem aðalskipulag gerir ráð fyrir um styttri vegalengdir innan sveitar um tæpa 5 kílómetra en lengir þó ekki leið þeirra sem leið eiga um þjóðveg 1. Nefndin telur mikilvægt að ákvörðun verði tekin sem fyrst og framkvæmdir hefjist strax í kjölfarið.

Ný Vestmannaeyjaferja

Samgöngunefnd SASS bendir á mikilvægi þess að undirbúningur að smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju hefjist sem fyrst. Ljóst er að frátafir verða meiri á siglingum á meðan núverandi Herjólfur verður í ferðum á milli Vestmannaeyja og nýrrar hafnar. Grundvallaratriði er að möguleikar til stórbættra samgangna við Vestmannaeyjar verði nýttir til fulls. Samgöngunefndin leggur jafnframt áherslu á að tímasetningar vegna framkvæmda við Landeyjahöfn standi en áætlað er að þeim ljúki um mitt næsta ár. Jafnframt telur nefndin mikilvægt að áætlunum um gjaldskrá og ferðatíðni verði ekki breytt.

Sjóvörn við Vík

Samgöngunefnd leggur mikla áherslu á framkvæmdir við sjóvörn við Vík hefjist hið fyrsta. Fyrir liggur að um Atlantshafið hefur brotið um 230 m af landinu sunnan við Víkurþorp á síðustu 35 árum og að mannvirki s.s. íþróttavöllur eru í yfirvofandi hættu af völdum sjávar. Einungis eru 50 m frá fjörukambi að íþróttavelli og 180 m að íþróttamannvirkjum.

Fjarskiptamál

Nefndin leggur áherslu á að allir landsmenn hafi aðgang að háhraða gagnaflutningskerfi en þeirrar skoðunar að útboð á vegum Fjarskiptasjóðs um uppbyggingu slíks kerfis í dreifbýli hafi ekki verið fullnægjandi þar sem útboðið náði ekki til þeirra svæða sem hafa aðgang að háhraðatengingum sem fyrirtæki á markaði bjóða. Nefndin bendir á að um er að ræða svæði þar sem boðið er upp á örbylgjutengingar, sem eru mun lakari að gæðum en þær ADSL tengingar sem boðið verður upp á skv. fyrirhuguðu útboði og á það bæði við um afhendingaröryggi og afkastagetu. Nefndin leggur því áherslu á að viðkomandi fyrirtækjum verði gert skylt að tryggja sambærileg gæði á þeim svæðum sem þau bjóða þjónustu sína. Sjái þau sér það ekki fært láti Fjarskiptastofnun fara fram sambærilegt útboð á þessum svæðum

Almenningssamgöngur

Nefndin telur mikilvægt, að stórefla almenningssamgöngur bæði á Suðurlandi og á milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Efling almenningssamgangna er þjóðhagslega hagkvæm, þær leiða til sparnaðar í rekstri samgöngukerfisins, draga úr mengun og síðast en ekki síst draga úr útgjöldum einstaklinganna. Um síðustu áramót hófust almenningssamgöngur milli Selfoss, Hveragerðis og Reykjavíkur í samvinnu við Srætó bs. Verkefnið hefur gefist vel en ljóst er að ríkið sem hefur einna mestra hagsmuna að gæta leggur aðeins fram brot af hinum samfélagslega kostnaði en viðkomandi sveitarfélög bera meginhluta hans. Mikilvægt er að ríkið komi mun öflugar að þessu þjóðþrífamáli í framtíðinni.

